

Föstudaginn 29. nóv. 1929.

Nr. 62/1929. **Ari Þórðarson, Magnús Sæmundsson
og Þórður J. Thoroddsen**

gegn
Péttri Jakobssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ari Þórðarson, Magnús Sæmundsson og Þórður J. Thoroddsen, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði áfrýjendur stefnda, Péttri Jakobssyni, er hefir mætt í málinu og krafizt ómaksbóta, in solidum 25 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. nóv. 1929.

Nr. 108/1929. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn
Jóni Einari Jónassyni (M. Guðmundsson).

Bruggun m. m.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 21. maí 1929: Jón Einar Jónasson, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði auk þess 1200 króna sekt í rikissjóð, er aflánist með 50 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Það athugast, að öl það, er kærði flutti til annars manns og kom þar fyrir til geymslu, var af annari

bruggun en sýnishorn það, er Efnarannsóknarstofan rannsakaði, og er það því ekki sannað í málinu, að í öli þessu hafi verið meira áfengi en lögleyft er.

Verknaður kærða, sem að öðru leyti er rétt lýst í lögregluréttardóminum, er refsiverður samkvæmt 6. gr. og 11. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928, og þykir mega ákveða refsinguna samkvæmt 30. og 32. gr. sömu laga 5 daga einfalt fangelsi og 1000 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 45 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Svo skulu og bruggunaráhöldin vera upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 50 kr. til hvors.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Kærði, Jón Einar Jónasson, sæti 5 daga einföldu fangelsi og greiði auk þess 1000 kr. sekt í ríkissjóð, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa. Bruggunaráhöldin skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Sveinbjörns Jónssonar og Magnúsar Guðmundssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Einari Jónassyni, verkamanni, til heimilis í Bryggjuhúsi hér í

bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 64 frá 7. maí 1928.

Eru málavextir sem hér segir:

Þann 21. marz síðastliðinn fór lögreglan heim til kærðs og tók hjá honum sýnishorn af öli, er hann hafði sjálfur bruggað.

Ölsýnishornið var þvínæst sent Efnarannsóknarstofu ríkisins til rannsóknar og reyndist það innihalda 8,40 % af áfengi (alkohol) að rúmmáli. Við rannsókn málsins hefir sannast með játningu kærðs, sem kemur heim við annað, sem upplýst er í málinu, að kærður hefir á tímabilinu frá janúar síðastliðnum til miðjan apríl, öðru hverju bruggað samskonar öl og sýnishornið var tekið af. Ennfremur hefir kærði játað að hafa veitt mönnum dálítið af öli sínu og selt örfáum, þó mjög lítið, og kemur þetta heim við framburð vitna, sem yfirheyrð hafa verið.

Kærður hefir haldið fast fram, að hann hafi alls ekki bruggað til að selja í atvinnuskyni, heldur einungis til að neyta sjálfur.

Það er ennfremur upplýst með játningu kærðs og framburði vitna, að hann fór með 7—8 lítra af öli sínu til manns eins hér í bænum til geymslu og jafnframt höfðu tveir menn aðgang að ölinu þar og neyttu af því, svo og geymslumaðurinn.

Til bruggunarinnar hefir kærður notað stamp og sigti, sem nú er í höndum lögreglunnar.

Þegar niðurstaða Efnarannsóknarstofunnar barst hingað, var kærður búinn með allt öl sitt og átti þá ekkert.

Kærður hefir eigi áður sætt sekt eða dómi fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni.

Brot kærða ber að álit dómars að heimfæra undir 6. gr., 10. gr. og 11. gr. laga nr. 64 frá 7. maí 1928 og virðist refsing sú, er hann hefir unnið til, eftir 30. gr., 31. gr. og 32. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin, tíu daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi og 1200 króna sekt í ríkissjóð, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður 50 daga einföldu fangelsi.

Svo skulu bruggunaráhöldin upptæk og eign ríkissjóðs.

Þá greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.